

25. Frumvarp

til laga um kynbætur nautgripa.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Bannað er að láta naut eldri en 8 mánaða ganga laus í heimahögum eða afrjettum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi þar sem ekki er nautgriparæktarfélag skal vera nautgripakynbótanefnd skipuð þrem mönnum. Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosning í hreppsnefnd. Í fyrsta sinni á vorhreppaskilafþingi 1928 og gildir sú kosning þar til næst fer fram kosning í hreppsnefnd.

Nú er nautgriparæktarfélag starfandi í hreppnum, viðurkennt og styrkt af Búnaðarfélagi Íslands og er þá stjórn þess sjálfkjörin kynbótanefnd og hefir allar sömu skyldur og rjettindi sem kynbótanefnd kosin á almennum sveitartundi hefir eftir lögum þessum.

3. gr.

Á hverju hausti, fyrir 1. október, skal kynbótanefnd velja eða útvega innan hrepps eða utan hæfilega mörg naut, kyngóð og efnileg, til undaneldis í breppnum, til jafnlengdar næsta ár. Naut þau, sem kynbótanefnd velur í þessu skyni, skal hún taka á leigu eða kaupa, eftir því, sem hún hefir heimildir til og telur rjett. Semur hún þá um leiguna eða kaupverðið, svo og um greiðsluskilmála. Skal nefndin þegar gera hreppsbúum valið kunnugt.

Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að nautgripakynbótum, nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann í fjelagi o. s. frv.

Kynbótanefnd getur leyft að kynbótanaut gangi laus, ef örugt þykir að þau geti engan skaða gert. Þó ber eigandi ábyrgð á ef skaði hlýtt af.

4. gr.

Öll kynbótanaut, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis, eða verðlaun hafa hlotið á nautgripasýningum, sem Búnaðarfélag Íslands hefir styrkt, skal merkja með aluminium merki í hægra eyra og sjeu í það mótadir stafirnir Kn og skal sjá um að þessi merki sjeu jafnan glögg.

Nú sannast að einhver hefir merkt naut þessu merki, án leyfis kynbótanefndar, enda hafi það ekki hlotið verðlaun, eins og fyr segir, og varðar það sektum. Taka má slikt naut, hvar sem það hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa því sem óskilafje og selja án innlausnarfrests.

5. gr.

Öll naut eldri en 8 mánaða, sem ekki eru ælluð til undaneldis samkvæmt 3. og 4. gr., skal gelda eða halda í öruggri vörslu vor hvert, þegar kýr eru leystar út. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum ef tjón hlýtt af. Taka má slík naut hvar sem þau hittast nema í öruggri vörslu sjeu, og ráðstafa þeim sem óskilagripum og selja án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist naut merkt Kn í hægra eyra, gæslulaust án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er það var valið fyrir, sem undaneldisnaut, og skal þá taka það í örugga gæslu og, ef þörf gerist á fódur, á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart, svo fljótt sem unt er.

Ef nautsins er ekki vitjað og eigi er greiddur áfallinn kostnaður, áður en liðnar eru 2 vikur frá því að það var tekið, má ráðstafa því sem óskilagrip og selja með fjögura vikna innlausnarfresti.

7. gr.

Hreppskilafundur ákveður þóknun fyrir starf kynbótanefndar.

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, leigu eftir kynbótanaut, fódur, hirðingu, kostnað við girðingu o. s. frv., jafnar nefndin niður á allar þær kýr, sem bera í hreppnum á því ári, þó svo að aldrei verði hærra gjald en 8 kr. fyrir hverja kú. Skulu eigendur greiða gjald þetta árlega til kynbótanefndar, á þeim tíma er hún tiltekur, og er gjaldið lögtakskræft. Nú verður kostnaður meiri en hámarksgjaldi nemur á hverja kú, og greiðir þá hlutaðeigandi sveitarsjóður afganginn.

Atvinnuáráðuneytið sker úr ágreiningi útaf greiðslu kostnaðarins.

8. gr.

Nautgripakynbótanefnd skal bóka ályktanir sínar og aðrar gerðir svo sem reikninga, skýrslur, brjef o. fl.

Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða úrslitum. Nefndarfundir eru lögmætir og ályktunarfærir, þótt einn nefndarmanna vanti, ef hinir eru sammála. Formaður nefndarinnar skal gera reikning yfir tekjur og gjöld kynbótastarfseminnar, eftir hver áramót. Reikningurinn skal yfirskoðaður af hreppsnefnd og lagður fram á vorhreppaskilapingi.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum 50—500 krónum, er renna að hálfu í sveitarsjóð þar sem brotið verður uppvist og að hálfu í sveitarsjóð þar sem hinn seki á heima.

10. gr.

Mál sem rísa útaf brotum gegn lögum þessum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna getur atvinnumálaráðherra sett með reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1928.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20, 20. nóvember 1905 og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 20, 20. október 1905 var sýslunefndum heimilt að gera samþykktir um kynbætur nautgripa fyrir alla sýsluna eða nokkurn hluta hennar, eltir því sem bagfeldast þætti. Þessi lög hafa komið að heldur litlum notum og hefir því þótt ástæða til að gera nýja skipan á um kynbætur nautgripa samkvæmt því sem felst í þessu frumvarpi.

Það mun öllum ljóst að það skiftir miklu máli fyrir landbúnaðinn, að nautgripakynið sje sem best, þannig, að sem mest eftirtekja fái af nautgripa-rækt manna. Hingað til hefir þessu víðast verið oflitill gaumur gefinn og því of litlar framfarir orðið á þessu sviði. Með frumvarpi þessu er mönnum gert að skyldu að hefjast handa um þetta nauðsynjamál landbúnaðarins og er frumvarpið að miklu leyti sniðið eftir lögum nr. 19, 15. júlí 1926 um kynbætur hesta.

Ef frv. þetta verður að lögum, verður ekki þörf fyrir lög nr. 20, 20. okt. 1905 og þykir því rjett að nema þau úr gildi.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins virðist ekki þörf að ræða.